

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

51

14. ágúst

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á stjórnarskipunarlög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:

a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:

Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.

Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:

Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.

Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.

d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Gjört í Reykjavík, 14. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.